Sunnulækjarskóli

Sjálfsmatsskýrsla

2013 – 2014

Guðbjörg Halldórsdóttir

Efnisyfirlit:

1. Inngangur ... 4
2. Lýsing á Sunnulækjarskóla ... 5
3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla ... 8
Ytri rammi og innri viðmið ... 8
Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla ... 8
Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla ... 9
Matsspurningar ... 10
4. Niðurstöður ... 11
4.1. Stefna og stjórnun ... 11
Stefna og stefnumörkun ... 11
Stjórnun ... 12
Stefna og stjórnun – samantekt ... 13
4.2. Nám og kennsla ... 14
Kennsla og kennsluhættir ... 14
Stoðkerfi ... 16
Námsmat ... 18
Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu ... 19
Aðstaða nemenda og námsumhverfi ... 24
Námsárangur – samræmd próf ... 24
PISA 2012 ... 29
Nám og kennsla – samantekt ... 33
4.3. Líðan nemenda ... 35
Líðan nemenda í skólanum ... 35
Einelti ... 37
Heilsa nemenda ... 41
Skóla- og bekkjarandi ... 42
Agi ... 44
Heimanám ... 45
Líðan nemenda – samantekt ... 48
4.4. Starfsánægja starfsmanna ... 50
Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiþjónustu ... 50
Ábyrgð og áskoranir í starfi ... 51

Samvinna og teymisvinna 52
Starfsaðstæður 53
Starfsþróun 55
Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar 58
Starfsánægja starfsmanna – samantekt 59
4.5. Samvinna heimila og skóla 61
Upplýsingagjöf 61
Samvinna og samskipti við starfsmenn 62
Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið 63
Þjónusta við nemendur og foreldra 66
Samvinna heimila og skóla - samantekt 68
4.6. Helstu styrk- og veikleikar ..... **Error! Bookmark not defined.**
5. Umræða 71
6. Lokaorð 74

1. Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð um skólastarf í Sunnulækjarskóla og með hvaða hætti skólastarfið er metið, hvernig áætlanir eru gerðar um eflingu skólastarfsins, bæði viðhald sterkra þátta og leiðum til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er fjallað um einkenni Sunnulækjarskóla, stefnu hans og markmið. Þá er sjálfsmatsaðferðum skólans lýst, á hvaða upplýsingum sjálfsmatið byggist og hvaðan þær upplýsingar koma. Því næst er gerð grein fyrir þeim matsspurningum sem liggja til grundvallar matinu en þær spurningar byggjast á stefnu skólans og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þá er fjallað um niðurstöður sjálfsmatsins í hverjum áhersluþætti fyrir sig. Að lokum er lagt mat á niðurstöðurnar; helstu styrkleika skólastarfsins, áberandi breytingar á milli skólaára, helstu veikleika eða sóknarfæri og hvaða þróunarverkefni skólinn ætti að hafa í forgangi á næsta skólaári/skólaárum til að ná sem bestum árangri á öllum sviðum.

Sjálfsmatskýrsla þessi gerir í ýmsum tilvikum aðeins grein fyrir skólastarfi Sunnulækjarskóla síðastliðin þrjú skólaár, einkum í þáttum sem varða foreldra og starfsfólk því breytingar urðu á gagnaöflun á viðhorfum þeirra með þátttöku í foreldra- og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Eldri upplýsingar um skólastarfið er að finna í fyrri sjálfsmatsskýrslum sem eru aðgengilegar á vef Sunnulækjarskóla http://www.sunnulaekjarskoli.is/.

2. Lýsing á Sunnulækjarskóla

Sunnulækjarskóli tók til starfa haustið 2004. Við hönnun skólans var farin sérstök leið sem byggist á samráði margra og þátttöku fulltrúa allra aðila skólasamfélagsins. Áhersla var lögð á að horfa fram á veg og ígrunda hvaða þörfum grunnskóli í nútímasamfélagi beri að sinna.

Með þetta í huga var hannaður skóli þar sem kennsla fer fram á opnum svæðum og svigrúm er gefið til samvinnu, samstarfs og fjölbreyttra kennsluhátta. Skólastarfið byggist á þremur grunnstoðum, einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum sem skapa umgjörð skólastarfsins.

Í byrjun voru 130 nemendur í fjórum árgöngum við skólann. Á hverju ári bættist einn árgangur við skólann sem óx hratt. Haustið 2010 var Sunnulækjarskóli orðinn fullvaxinn 10 árganga grunnskóli. Með auknum íbúafjölda á upptökusvæði skólans hefur skólinn haldið áfram að vaxa og skólaárið 2013 – 2014 eru 530 nemendur við skólann. Fyrirsjáanlegt er að enn muni nemendum við skólann fjölga og búist er við um 560 nemendum á næsta skólaári. Þegar eru uppi áætlanir um að breyta og bæta við húsnæði skólans til að koma til móts við aukinn nemendafjölda.

Við mótun skólastarfsins er leitast við að hafa sem mest samráð við nemendur, foreldra og starfsfólk. Innleiðing Uppbyggingarstefnunnar er ein af þeim leiðum sem valin hefur verið til að skapa jákvætt og þroskandi skólaumhverfi. Grunnur hennar er góður skilningur á samskiptum og mikilvægi þeirra í farsælu skólastarfi. Þannig er áherslan á þarfir einstaklingsins og mikilvægi þess að æfa sig í góðum samskiptum höfð í fyrirrúmi. Þá hefur teymisvinna starfsmanna verið lykilþáttur í skólastarfinu og verið skólanum mikil lyftistöng við mótun starfshátta.

Sunnulækjarskóli hefur gefið út sjálfsmatsskýrslu á hverju ári hin síðari ár og eru þær aðgengilegar á vefsvæði skólans. Sjálfsmatsskýrslurnar byggja á umfangsmikilli gagnasöfnun, bæði niðurstöðum námsmats, viðhorfakannana meðal foreldra og starfsmanna og auk þess eru gerðar nemendakannanir fimm sinnum á ári þar sem spurt er um líðan, einelti, áhuga, áræði, samvinnu við kennara o.fl.

Sunnulækjarskóla er skipt í yngri og eldri deild sem hvorri um sig er stýrt af deildarstjóra. Setrið, sem er sérdeild Suðurlands, er einnig hluti af Sunnulækjarskóla og er stýrt af deildarstjóra sérdeildar. Við skólann starfar deildarstjóri stoðþjónustu sem sér um skipulag stuðnings við nemendur sem á þurfa að halda. Hólar, lengd viðvera, er rekin við skólann og er henni stýrt af forstöðumanni. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara með yfirstjórn.

Ýmsar frekari upplýsingar má finna á vefsvæði skólans. Veffangið er: http://www.sunnulaekjarskoli.is.

Stefna og markmið

Stefna skólans birtist meðal annars í Grundvelli Sunnulækjarskóla sem er ætlað það hlutverk að skilgreina megin uppbyggingu stjórnskipulags skólans og daglega ákvarðanatöku í starfsemi hans.

Grundvöllur Sunnulækjarskóla

Leiðarljós starfsmanna Sunnulækjarskóla er:

- að hver nemandi skólans þroskist og dafni í námi og starfi á eigin forsendum
- að hver nemandi skólans njóti virðingar og væntumþykju
- að hver nemandi skólans öðlist sterka sjálfsmynd og áræði sem gefi honum þrek og þor og stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- að þroska með hverjum nemanda trausta siðferðiskennd sem gerir hann að hæfum og farsælum þjóðfélagsþegn
- að skapa skólasamfélag sem einkennist af samvinnu og gagnkvæmu trausti þeirra sem það mynda

Skólastefna

Í Sunnulækjarskóla stunda nemendur einstaklingsmiðað nám. Í því felst að nám hvers nemanda er aðlagað að hæfileikum hans og getu frekar en að nemendur séu flokkaðir í hópa með fyrirfram skilgreinda eiginleika.

Skólabragur

Allir kennarar sjá um að vinna markvisst með og kynna Uppeldi til ábyrgðar í sínum nemendahóp. Allir umsjónarhópar gera bekkjarsáttmála. Á þemadögum í október 2009 gerðu allir bekkir sinn **sáttmála** um samskipti sem var grunnurinn að skólasáttmála sem unnin var. Til að skapa öryggi og traust í skólasamfélaginu verðum við að hafa **skýr mörk** sem styðja við sáttmála skólans. Lærdómssamfélagið í **Sunnulækjarskóla** einkennist af **gleði, vináttu** og **frelsi.**

Kennarateymi

Allir kennarar skólans vinna saman í teymum. Umsjónarkennarar innan árgangs eða samliggjandi árganga mynda kennarateymi. Kennarateymið framkvæmir og stjórnar daglegu skólastarfi tiltekinna árganga.

Hlutverk umsjónarkennara

Kennarar í kennarateymum skipta umsjón með nemendum milli sín og eru þeir því umsjónakennarar tiltekinna nemanda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum teymisins heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna milli sín með þeim hætti sem best hentar á hverjum tíma, enda sé gætt jafnræðis og að vinnuálag skiptist með réttlátum hætti.

Hlutverk deildarstjóra

Meginhlutverk deildarstjóra er að stuðla að betri námsreynslu nemenda, skipuleggja og stýra skólastarfi og veita starfsfólki faglegan stuðning. Deildarstjórar eru millistjórnendur sem tilheyra stjórnunarteymi skólans.

Það er stefna skólans að vinna nemenda sé með þeim hætti að framangreindum markmiðum leiðarljóssins verði náð samhliða því að unnið sé að markmiðum aðalnámskrár grunnskólans. Stjórnendur skólans trúa því að þetta verði best gert með því að skólastarfið sé sett upp með þeim hætti sem fram kemur í grundvelli skólans. Þannig munu fjölbreyttir kennsluhættir og áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda gera skólanum kleift að þroska framangreinda þætti um leið og unnið er að öðrum markmiðum aðalnámskrár.

Sunnulækjarskóli skilgreinir starfsemi sína í skólanámskrá sem gefin er út að hausti hvert ár. Skólanámskráin er í tveimur hlutum, skólahandbók sem geymir almennar upplýsingar um skólann og námsvísum sem skilgreina frekar starfið undir stjórn hvers kennarateymis. Skólahandbókin og námsvísar eru aðgengilegir á vef skólans. Þessi gögn er einnig hægt að nálgast á prentuðu formi á skrifstofu skólans.

Auk skólahandbókar og námsvísa er starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla. Í henni eru einstakir vinnuferlar skilgreindir og því lýst hvernig staðið er að verki í starfi skólans. Starfsmannahandbók er uppfærð reglulega og er hverjum starfsmanni ætlað að verðveita sitt eigið eintak og viðhalda því.

3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggir á tveimur meginþáttum, annars vegar á þeim lögum og reglugerðum sem grunnskólum landsins er ætlað að starfa eftir og mætti kalla ytri ramma og hins vegar á eigin stefnu og markmiðum í skólastarfinu eða innri viðmið.

Ytri rammi og innri viðmið

Í gildandi *lögum um grunnskóla nr. 91/2008,* 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. *veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,*
2. *tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,*
3. *auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
4. *tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

> *Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.*
> *Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*

Í *Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta,* (Menntamálaráðuneyti 2011, bls. 29-30) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.:

- *Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.*
- *Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á.*
- *Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara.*
- *Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.*
- *Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur.*

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggist á ofangreindum ákvæðum.

Innri viðmið í sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru fyrst og fremst skólastefna skólans, grundvöllur hans og leiðarljós (sjá hér að framan) ásamt mati á árangri þeirra þróunarverkefna og markmiða sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma.

Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla

Á fyrsta starfsári Sunnulækjarskóla, eða í byrjun árs 2005 lagði Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands ásamt starfshópi innan skólans, mat á hvernig skólanum gengi að hrinda í framkvæmd stefnumálum sínum um sveigjanlega kennsluhætti og

einstaklingsmiðað nám. Niðurstöður vinnuhópsins voru birtar í skýrslunni *„Hér eru allir að hjálpa öllum“*. (Ingvar Sigurgeirsson og fl. 2005).

Næstu tvö ár var framkvæmd innra mats í Sunnulækjarskóla aðallega í höndum stjórnenda skólans sem höfðu frumkvæði að ýmsum viðhorfakönnunum ásamt því að halda til haga ýmsum þeim gögnum sem snerta mat á skólastarfinu.

Á haustmánuðum 2007 var stofnaður stýrihópur í Sunnulækjarskóla til að vinna að innra mati á starfi skólans, samkvæmt grunnskólalögum. Stýrihópurinn skoðaði mismunandi leiðir sem hægt væri að fara við innra mat á skólastarfi og velja þá sem hópnum fannst vera best til þess fallin að gefa sem gleggsta mynd af stöðu skólans og sem einnig leiddi til markvissrar umbótaáætlunar. Niðurstaðan var sú að hefjast handa við greiningu á styrkleikum og veikleikum í skólastarfinu eða því sem fólki fyndist vera vel gert og því sem mætti betur fara eða sóknarfæri.

Vorið 2008 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Sunnulækjarskóla og var niðurstaðan sú að sjálfsmatið væri ófullnægjandi. Vorið 2011 gerði menntamálaráðuneytið aftur úttekt á starfsemi skólans og niðurstöður ráðuneytisins liggja nú fyrir þar sem gerð er grein fyrir helstu styrkleikum skólastarfsins og einnig eru gerðar tillögur til úrbóta.

Frá haustinu 2008 hefur Guðbjörg Halldórsdóttir, kennari við Sunnulækjarskóla haft umsjón með sjálfsmatinu.

Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla

Við innra mat á skólastarfinu hafa ýmis gögn verið lögð til grundvallar, m.a. kannanir frá aðilum utan skólans, kannanir sem skólinn sjálfur hefur forgöngu um að gera, styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna skólans ásamt mati á árangri nemenda, t.d. í samræmdum prófum. Skýrsla um sjálfsmat skólans og niðurstöður þess ásamt þróunaráætlun er samin árlega og kynnt fyrir starfsmönnum skólans, skólanefnd og foreldrum. Skýrslurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Þær ytri og innri kannanir sem nú liggja til grundvallar sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru þessar:

Ytri kannanir
2011 Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla.

Innri kannanir
2011 – 2014 Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk – Skólapúlsinn.
2012 – 2014 Viðhorfakönnun meðal foreldra – Skólapúlsinn.
2012 – 2014 Viðhorfakönnun meðal starfsmanna – Skólapúlsinn.

Próf og mat á árangri nemenda
Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2010 - 2013.

Styrk- og veikleikagreining
Árið 2014 var styrk- og veikleikagreining gerð meðal allra starfsmanna. Viðmiðunin sem lögð var til grundvallar í þetta sinn voru niðurstöður rafrænnar viðhorfakönnunar Skólapúlsins meðal starfsmanna skólans þar sem spurt var í opnum spurningum um helstu kosti og galla

skólans. Starfsmenn unnu styrk- og veikleikagreininguna einstaklingslega (í rafrænni könnun) og á kennarafundi fengu þeir niðurstöður úr svörum starfsmannanna um helstu kosti og galla skólans. Síðan var starfsmönnum skipt í hópa til að fara yfir niðurstöðurnar, kortleggja helstu sóknarfæri í þróun skólans, gera tillögur að umbótum og raða þeim í forgangsröð.

Verkáætlun og tímasetningar

Allur veturinn	Viðhorfakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk - Skólapúlsinn
September	Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk
Mars	Viðhorfakönnun meðal foreldra - Skólapúlsinn
Apríl	Viðhorfakönnun meðal starfsmanna - Skólapúlsinn
Maí	Styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna – tillögur að umbótum
Apríl - júní	Skýrsla samin og þróunaráætlun unnin fyrir næsta/næstu skólaár
Júní	Niðurstöður sjálfsmats kynntar

Matsspurningar

Á grunni laga, reglugerða og viðmiða menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla auk skólastefnu Sunnulækjarskóla, grundvelli hans og leiðarljósi, eru eftirfarandi fimm matsspurningar lagðar til grundvallar við mat á þeim gögnum sem fyrir liggja og nánar verður getið um í næstu köflum. Spurningarnar eru þessar:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
- Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður sjálfsmats Sunnulækjarskóla en þær byggjast á þeim gögnum sem að framan er getið. Kaflanum er skipt niður í samræmi við þær fimm matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar. Í lok hvers undirkafla eru niðurstöður dregnar saman.

4.1. Stefna og stjórnun

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 og 2014.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2013 og 2014.

Stefna og stefnumörkun

Í úttekt á Sunnulækjarskóla sem gerð var af menntamálaráðuneytinu vorið 2011 kemur fram að skólinn hafi skýra stefnu og markmið og stjórnendur hans sterka faglega sýn.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2014 kemur fram að hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem telja sig vel upplýsta um stefnu skólans og námskrá er svipað og hlutfall foreldra á landinu í heild.



Stjórnun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorin 2013 og 2014 kemur fram að ánægja starfsmanna með stjórnun skólans er heldur meiri að meðaltali en ánægja starfsmanna á landinu öllu.



Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans nánast sú sama að meðaltali og ánægja foreldra á landinu öllu.



Í úttekt á Sunnulækjarskóla sem gerð var af menntamálaráðuneytinu vorið 2011 kemur fram að almenn ánægja sé með skólann og stjórnun hans hjá starfsmönnum, nemendum, sveitarfélagi og foreldrum. Þá kemur einnig fram að skólanámskrá sé mjög skýr og skólinn hafi frá upphafi lagt áherslu á að meta starfið og sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggi fyrir.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2014 kemur fram að menntunarstig starfsmanna er svipað í skólanum og á landinu öllu. Hins vegar er meðalaldur kennara við skólann marktækt lægri en almennt gerist og meðalstarfsaldur einnig.

Stefna og stjórnun – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Stefna og stefnumörkun	
• Skýr stefna og markmið • Sterk fagleg sýn stjórnenda	• Foreldrar sem telja sig vel upplýsta um stefnu skólans og námskrá	
	Stjórnun	
• Almenn ánægja með skólann og stjórnun hans • Skýr skólanámskrá • Sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir	• Ánægja starfsmanna með stjórnun skólans • Ánægja foreldra með stjórnun skólans • Menntunarstig starfsmanna	• Meðalaldur kennara lágur* • Meðalstarfsaldur kennara lágur*

*Marktækur munur

4.2. Nám og kennsla

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 og 2014.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2013 og 2014.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2011 - 2013
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk, árin 2010 – 2013.
- PISA 2012. Skýrsla unnin af Námsmatsstofnun 2014.
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2014 – 2015.

Kennsla og kennsluhættir

Nokkrar spurningar í starfsmannakönnun Skólapúlsins snúa að kennsluháttum. Niðurstöður svaranna sýna að öllum bekknum er sjaldnar kennt í einu í Sunnulækjarskóla en almennt gerist og er munurinn marktækur. Einstaklingsvinna í bekk þar sem nemendur vinna sjálfstætt og hópavinna er álíka algeng og í öðrum skólum en einstaklingsmiðuð kennsla er mun algengari í Sunnulækjarskóla en að meðaltali á landinu öllu en þar kemur mikill marktækur munur fram milli skóla og lands.



Ánægja foreldra í skólanum með nám og kennslu er heldur meiri en ánægja foreldra á landinu að meðaltali og er sá munur marktækur.



Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru ánægðari með þyngd námsefnisins en almennt gerist.



Mæling á ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemendanna kemur svipað út í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu.



Stoðkerfi

Hlutfall nemenda með sérkennslu og ánægja foreldra með sérkennsluna er svipuð í Sunnulækjarskóla og almennt gerist.



Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun er svipað í skólanum og almennt gerist á landinu en hlutfall foreldra sem eru í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar fyrir nemandann er mun hærra í skólanum en á landinu að meðaltali og er sá munur marktækur.



Í vinnu starfsmanna að forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2014 – 2015 leggja þeir áherslu á að huga beri betur að sérkennslunni, bæði að auka þurfi stöður menntaðra sérkennara, bæta aðstöðu fyrir sérkennsluna og vinna betur með styrkleika nemenda og efla verklegt nám sérkennslunemenda.

Hlutfall foreldra í skólanum sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu fyrir barnið sitt á skólaárinu er svipað og á landinu. Allir foreldrar sem fengið hafa sálfræðiþjónustu segjast ánægðir með hana á móti 92% foreldra á landinu að meðaltali og er munurinn marktækur.



Námsmat

Áhersla kennara í Sunnulækjarskóla á námsmat með hefðbundnum prófum er svipuð og kennara í öðrum skólum að eigin mati. Hins vegar er áhersla þeirra marktækt meiri á námsmat með öðru en hefðbundnum prófum, t.d. jafningjamati, sjálfsmati nemenda eða mati frá foreldrum.



Hlutfall foreldra í skólanum sem telur að hæfileg áhersla sé á hefðbundið námsmat með prófum er heldur hærra en annars staðar og einnig finnst fleiri foreldrum í Sunnulækjarskóla hæfileg áhersla lögð á annað námsmat en hefðbundin próf en á landinu að meðaltali.



Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu

Skólapúlsinn mælir virkni nemenda í skólanum og viðhorf þeirra til ýmissa þátta námsins.

Ánægja af lestri mælist svipuð í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu.



Þrautseigja í námi mældist heldur minni í skólanum en á landsvísu á árunum 2011 – 2012 en á síðastliðnum tveimur skólaárum mælist hún svipuð og á landinu öllu að meðaltali.



Áhugi á stærðfræði mældist einnig heldur minni í skólanum en á landsvísu á árunum 2011 – 2013 en áhuginn hefur aukist jafnt og þétt og á þessu skólaári mælist hann svipaður og á landinu öllu að meðaltali.



Ánægja af náttúrufræði var svipuð og á landinu öllu að meðaltali á tveimur undanförnum skólaárum en mælist nú minni en á landsvísu.



Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi er svipuð og á landinu öllu að meðaltali.



Trú nemenda á eigin námsgetu er svipuð og almennt gerist á landinu.



Virkni nemenda í skólanum – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2013 – 2014 eru borin saman við svör jafnaldra þeirra á landsvísu varðandi virkni í skólanum, kemur í ljós að þrír þættir af sex koma lakar út í 7. og 10. bekk Sunnulækjarskóla en í samsvarandi árgöngum á landinu og einn þáttur kemur lakar út í 6. og 8. bekk. Hins vegar koma tveir þættir af sex betur út í 6., 8. og 9. bekk en á landinu almennt.

Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Ólitaður reitur táknar minni mun en 0,5.

	6. b. (f. 2002)	7. b. (f. 2001)	8. b. (f. 2000)	9. b. (f. 1999)	10. b. (f. 1998)
Ánægja af lestri	0	- 0,5	- 0,5	+ 0,3	- 0,9
Þrautseigja í námi	- 0,2	- 0,2	+ 0,1	+ 0,5	- 1,2
Áhugi á stærðfræði	0	- 0,6	+ 0,6	+ 0,5	- 0,1
Ánægja af náttúrufræði	- 0,9	- 0,5	- 0,3	- 0,2	- 0,2
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	+ 0,5	+ 0,2	- 0,3	- 0,1	- 0,9
Trú á eigin námsgetu	+ 0,5	0	+ 0,6	- 0,2	- 0,4

Helstu breytingar frá því á síðasta skólaári á virkni nemenda eru þær að bæði þeim þáttum sem koma betur út en á landsvísu og þeim þáttum sem koma verr út en á landsvísu fjölgar. Á síðasta skólaári komu fimm þættir lakar út en á landinu öllu en á þessu skólaári eru þeir átta. Hins vegar fjölgar þeim þáttum sem koma betur út en almennt á landinu úr einum á síðasta skólaári í sex.

Virkni nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla eru borin saman sést að stelpur hafa meiri ánægju af lestri en strákar, þær sýna meiri þrautseigju í námi og hafa meiri trú á eigin vinnubrögðum í námi en þeir. Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla eru borin saman við svör kynjanna á landinu öllu virðist sem stelpur í Sunnulækjarskóla hafi minni ánægju af lestri en stelpur á landinu í heild og strákar í skólanum hafi minni ánægju af náttúrufræði en strákar á landinu í heild.

(Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla			Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar		Stelpur	Strákar
Ánægja af lestri	+ 0,5	- 0,5		- 0,5	- 0,1
Þrautseigja í námi	+ 0,7	- 0,7		- 0,1	- 0,2
Áhugi á stærðfræði	+ 0,2	- 0,2		- 0,1	+ 0,2
Ánægja af náttúrufræði	+ 0,4	- 0,4		- 0,2	- 0,6
Trú á eigin vinnu-brögðum í námi	+ 0,5	- 0,5		- 0,1	0
Trú á eigin námsgetu	+ 0,2	- 0,2		+ 0,1	+ 0,3

Litlar breytingar hafa orðið á viðhorfum/virkni kynjanna á milli þessa skólaárs og þess síðasta.

Aðstaða nemenda og námsumhverfi

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er marktækt meiri en ánægja foreldra á landinu að meðaltali. Með aðstöðu er átt við frímínútur, matartíma, tómstundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttaaðstöðu og ástand húsnæðis.



Vinna starfsfólks að forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2014 – 2015 leiðir í ljós að brýnasta verkefnið að þeirra mati er að endurnýja tölvukost skólans og tæknivæða hann á mörgum sviðum. Þar er meðal annars kallað eftir spjaldtölvum, bættum tölvukosti, skjávörpum, tölvustofu og markvissari tölvukennslu.

Starfsmenn hafa einnig áhyggjur af of stórum bekkjum og nemendahópum.

Þá kemur fram í forgangsröðun starfsmanna að bæta þurfi aðgengi fyrir fatlaða nemendur á leikvelli og fjölga þurfi leiktækjum, bæði fyrir fatlaða og yngri nemendur. Gæta þurfi að mönnun í gæslu í frímínútum og skipulagi í matsal.

Í forgangsröðun starfsmanna kemur einnig fram að bæta þurfi þjónustu á bókasafni skólans, hafa það meira opið, auka bókakostinn einkum hvað varðar fræðibækur og bækur fyrir eldri nemendur skólans.

Námsárangur – samræmd próf

Meðaltal námsárangurs nemenda í Sunnulækjarskóla í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk ásamt samanburðartölum frá Suðurlandi og landinu í heild sinni frá árinu 2010 er sýnd í eftirfarandi töflum:

Útkoma í stærðfræði í 4. bekk var góð árin 2011 og 2012 en þá var hún betri en bæði Suðurlandsmeðaltalið og landsmeðaltalið. Árið 2013 var útkoman hins vegar lakari í Sunnulækjarskóla en bæði á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali.



Útkoma í íslensku í 4. bekk hefur einnig verið góð undanfarin ár en haustið 2013 var hún einnig lakari í Sunnulækjarskóla en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild að meðaltali.



Útkoma í stærðfræði í 7. bekk er lakari en útkoman á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali, þriðja árið í röð.



Útkoman í íslensku í 7. bekk er nálægt meðaltali á Suðurlandi og á landinu í heild haustið 2013.



Árangur í stærðfræði í 10. bekk í Sunnulækjarskóla var lakari en á Suðurlandi og á landinu í heild fyrstu þrjú árin sem skólinn var með 10. bekk. Haustið 2013 var útkoman hins vegar jöfn landsmeðaltali.



Dreifing færniflokka í stærðfræði í A, B, C og D í 10. bekk, haustið 2013 sýnir að jafn mörg prósent nemenda í Sunnulækjarskóla og á landinu lentu í færniflokkum A og B, hærra hlutfall nemenda í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu lentu í færniflokki C en lægra hlutfall nemenda í skólanum lenti í færniflokki C en á landinu í heild.



Árangur í íslensku í 10. bekk í Sunnulækjarskóla árið 2010 var lakari en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild, árið 2011 var árangurinn betri en á Suðurlandi og jafn landsmeðaltalinu, árið 2012 er hann lakari en landsmeðaltalið en jafn Suðurlandsmeðaltali og árið 2013 er árangurinn hærri en bæði Suðurlands- og landsmeðaltalið.



Raðeinkunn í íslensku í 10. bekk Sunnulækjarskóla kemur fram á þessari mynd.



Niðurstaða samræmdra prófa í ensku í 10. bekk Sunnulækjarskóla er jöfn Suðurlandsmeðaltalinu árin 2010 og 2011 en undir landsmeðaltali. Árið 2012 er árangurinn hins vegar lakari en bæði á Suðurlandi og á landinu öllu að meðaltali en árið 2013 er árangurinn undir landsmeðaltali en nánast sá sami og á Suðurlandi.



Í úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla vorið 2011 kemur fram að skoða þurfi betur ástæður lakrar frammistöðu nemenda á samræmdum prófum.

PISA 2012

Sunnulækjarskóli tók fyrst þátt í PISA könnun árið 2012.

Þar kemur fram að árangur Sunnulækjarskóla í lesskilningi er hærri en meðaltalið í Árborg og á Suðurlandi og ennfremur örlítið hærri en landsmeðaltalið.



Gífurlegur munur á kynjunum kemur fram í lesskilningi árið 2012. Lesskilningur drengja í Árborg er langtum lakari en stúlkna og einnig langtum lakari en drengja á landinu að meðaltali.



Stærðfræðilæsi nemenda Sunnlækjarskóla árið 2012 er slakt eins og í Árborg og mun lakara en á landinu að meðaltali.



Stúlkur í Árborg koma betur út í stærðfræðilæsi en drengir og minni munur er á þeim miðað við kynsystur þeirra á landinu í heild en drengjunum.



Hins vegar er náttúrufræðilæsi nemenda Sunnulækjarskóla árið 2012 jafnt landsmeðaltalinu og mun betra en í Árborg og á Suðurlandi.



Kynjamunur er mjög mikill í náttúrfræðilæsi, drengir í Árborg koma mun verr út en stúlkur.



Nám og kennsla – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Kennsla og kennsluhættir	
• Öllum bekknum er sjaldan kennt í einu* • Einstaklingsmiðuð kennsla* • Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum* • Ánægja foreldra með þyngd námsefnis	• Einstaklingsvinna í bekk • Hópavinna í bekk • Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	
	Stoðkerfi	
• Hlutfall foreldra í samstarfi um gerð einstaklings-áætlunar* • Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu*	• Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu • Ánægja foreldra með sérkennsluna • Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun • Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu	• Fjölga menntuðum sérkennurum • Bæta aðstöðu fyrir sérkennslu • Vinna betur með styrkleika nemenda og auka verklega kennslu sérkennslunemenda
	Námsmat	
• Hlutfall kennara sem leggja áherslu á annað námsmat en próf* • Hæfileg áhersla á hefðbundið námsmat með prófum að mati foreldra • Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðbundin próf að mati foreldra	• Hlutfall kennara sem nota hefðbundið námsmat	
	Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu	
• Þrautseigja í námi í 9. bekk • Áhugi á stærðfræði í 8. og 9. bekk • Trú á eigin vinnubrögð í námi í 6. bekk • Trú á eigin námsgetu í 6. og 8. bekk • Stelpur í skólanum hafa meiri ánægju af lestri en strákar • Stelpur í skólanum sýna	• Ánægja af lestri • Þrautseigja í námi • Áhugi á stærðfræði • Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi • Trú nemenda á eigin námsgetu	• Ánægja af náttúrufræði • Ánægja af lestri í 7., 8. og 10. bekk • Þrautseigja í námi í 10. bekk • Áhugi á stærðfræði í 7. bekk • Ánægja af náttúrufræði í 6. og 7. bekk • Trú á eigin vinnubrögð í námi í 10. bekk

meiri þrautseigju í námi en strákar • Stelpur í skólanum hafa meiri trú á eigin vinnubrögð í námi en strákar		• Stelpur í skólanum hafa minni ánægju af lestri en stelpur á landinu • Strákar í skólanum hafa minni ánægju af náttúru-fræði en strákar á landinu
Aðstaða nemenda og námsumhverfi		
• Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum *		• Tölvukostur og tæknibúnaður að mati starfsmanna • Of stórir bekkir og nemendahópar að mati starfsmanna • Laga aðstöðu á leikvelli að þörfum fatlaðra nemenda • Fjölga skiptingum í matsal, auka gæslu og hafa reglur sýnilegar • Bæta þjónustu á bókasafni • Bæta bókakost bókasafns; fræðibækur og bækur fyrir eldri nemendur
Námsárangur		
• Íslenska í 10. bekk • Lesskilningur meiri en í Árborg og jafn landsmeðaltali – PISA 2012 • Náttúrufræðilæsi meira en í Áborg og jafnt landsmeðaltali – PISA 2012	• Íslenska í 7. bekk • Stærðfræði í 10. bekk • Enska í 10. bekk	• Stærðfræði í 4. bekk • Íslenska í 4. bekk • Stærðfræði í 7. bekk • Stærðfræðilæsi minna en í Árborg – PISA 2012 • Lesskilningur, stærðfræði-læsi og náttúrufræðilæsi drengja í Árborg er mun lakara en stúlkna og lakara en drengja á landinu í heild – PISA 2012

* Marktækur munur

4.3. Líðan nemenda

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 og 2014.
- Viðhorfakannanir meðal nemenda – Skólapúlsinn, árin 2011 – 2014.

Líðan nemenda í skólanum

Almennt líður nemendum vel í skóla að mati foreldra. Ánægja foreldra með líðan barna sinna í Sunnulækjarskóla er svipuð og foreldra á landinu að meðaltali.



Í Skólapúlsinum er spurt um ýmsa þætti sem snerta líðan og heilsu nemenda eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði.

Svör nemenda í Skólapúlsinum sýna að sjálfsálit þeirra hefur aukist á undanförnum árum og mælist nú svipað og hjá samanburðarhópnum.



Það sama er að segja um trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi. Nemendur Sunnulækjarskóla komu ívið verr út en nemendur á landsvísu á undanförnum árum en útkoma úr þessum þætti hefur batnað og mælist nú svipuð og á landsvísu.



Vellíðan mælist svipuð meðal nemenda í Sunnulækjarskóla og meðal nemenda á landsvísu.



Einelti

Umfang eineltis er heldur minna í Sunnulækjarskóla en í skólum annars staðar á landinu að meðaltali að mati foreldra.



Foreldrar í skólanum eru nokkuð ánægðari en foreldrar á landsvísu með úrvinnslu skólans í eineltismálum. Ánægja þeirra með hraða á úrvinnslu eineltismála og eineltisáætlun skólans er svipuð og annars staðar á landinu.



Að mati nemenda er tíðni eineltis svipuð í skólanum og á landsvísu og virðist fara minnkandi milli ára.



Samkvæmt svörum foreldra er minna einelti í Sunnulækjarskóla en í öðrum skólum á landsvísu í frímínútum á skólalóð, í hádegisstund og á leið til og frá skóla. Tíðnin er svipuð í frímínútum innan dyra, í kennslustundum og á netinu. Hún er hins vegar heldur meiri í íþróttatímum og í búningsklefum.



Samhljómur er með svörum nemenda og foreldra þegar spurt er um hvar einelti eigi sér helst stað fyrir utan að nemendur sem taka þátt í Skólapúlsinum (6. – 10. bekkur) segja að einelti sé mjög lítið í kennslustundum í Sunnulækjarskóla miðað við svör nemenda á landsvísu.

<u>Einelti – samanburður milli árganga</u>

Þegar svör árganganna í skólanum eru borin saman við svör sömu árganga á landinu kemur í ljós að minna einelti er í 7. bekk Sunnulækjarskóla en í sama árgangi á landsvísu.

(Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	6. b (f. 2001)	7. b. (f. 2000)	8. b. (f. 1999)	9. b. (f. 1998)	10. b. (f. 1997)
Einelti	+ 0,1	+ 0,5	- 0,2	+ 0,1	0

Einelti – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla eru skoðuð sést að strákar verða síður fyrir einelti en stelpur í skólanum og einelti meðal stráka í skólanum er minna en meðal stráka almennt á landinu.

(Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla			Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar		Stelpur	Strákar
Einelti	- 1,2	+ 1,2		- 0,2	+ 0,5

Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna skólaárið 2013 – 2014 eru skoðuð kemur ekki mikill munur í ljós á milli þeirra hvað varðar sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan og einelti. Þó virðist nemendum í 6. bekk líða almennt betur en nemendum í öðrum árgöngum og nemendur í 8. bekk hafi heldur minna sjálfsálit en aðrir árgangar í skólanum.

(Grænn litur táknar betri útkomu / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari útkomu / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	6. b (f. 2002)	7. b. (f. 2001)	8. b. (f. 2000)	9. b. (f. 1999)	10. b. (f. 1998)
Sjálfsálit	+ 0,6	+ 0,4	- 0,5	- 0,3	- 0,3
Stjórn á eigin lífi	+ 0,6	0	- 0,1	+ 0,2	- 0,2
Vellíðan	+ 0,4	- 0,1	+ 0,1	- 0,2	- 0,2
Einelti	- 0,8	0	- 0,4	- 0,2	+ 0,2

Breyting hefur orðið til batnaðar á þessum þáttum frá því á síðasta skólaári. Þá komu þrír þættir verr út í skólanum en á landinu að meðaltali en aðeins einn á þessu skólaári og enginn þáttur kom betur út í skólanum en á landsvísu á síðasta skólaári en þrír koma betur út nú.

Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2013 – 2014 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra. Í öllum fjórum þáttunum sem mæla líðan nemenda koma stúlkur verr út en strákar og virðist það vera mynstrið á landinu öllu.

(Grænn litur táknar betri árangur / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari árangur / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla			Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar		Stelpur	Strákar
Sjálfsálit	- 0,9	+ 0,9		- 0,1	+ 0,1
Stjórn á eigin lífi	- 0,5	+ 0,5		0	+ 0,1
Vellíðan	- 0,5	+ 0,5		- 0,1	+ 0,1
Einelti	- 0,7	+ 0,7		- 0,1	- 0,3

Heilsa nemenda

Tvær nýjar mælingar eru gerðar í Skólapúlsinum skólaárið 2013 – 2014 sem varða heilsu nemenda. Annars vegar vegar er spurt um hreyfingu og hins vegar um mataræði. Enginn munur kemur fram á nemendum í Sunnulækjarskóla og nemendum almennt á landinu hvað þessa þætti varðar.



Hins vegar kemur mikill munur fram milli árganganna á því hve mikla hreyfingu þeir stunda. Nemendur í 6. og 10. bekk Sunnulækjarskóla hreyfa sig minna en jafnaldrar þeirra á landinu en nemendur í 9. bekk hreyfa sig mun meira en þeirra jafnaldrar.

	6. b (f. 2002)	7. b. (f. 2001)	8. b. (f. 2000)	9. b. (f. 1999)	10. b. (f. 1998)
Hreyfing	- 0,7	+ 0,3	+ 0,2	+ 1,8	- 0,8
Mataræði	+ 0,4	- 0,2	- 0,2	- 0,2	- 0,4

Skóla- og bekkjarandi

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er heldur meiri en ánægja foreldra í öðrum skólum og er munurinn marktækur.



Samsömun nemenda við nemendahópinn er könnuð í Skólapúlsinum og er meðal annars spurt um hvort þeim líði eins og þeir séu skildir útundan, eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyri hópnum, passi ekki við hina, hvort öðrum líki vel við þá og hvort þeir séu einmana.

Samsömun nemenda við nemendahópinn er svipuð hjá nemendum í Sunnulækjarskóla að meðaltali og hjá öðrum nemendum sem taka þátt í Skólapúlsinum.



Skólapúlsinn kannar viðhorf nemenda til sambands þeirra við kennara og spyr hvort nemendum semji vel við flesta kennara, hvort kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hvort þeir hlusti vel á það sem þeir hafa að segja, veiti auka aðstoð ef þarf og séu sanngjarnir. Viðhorf nemenda í Sunnulækjarskóla til sambands þeirra við kennara er svipað að meðaltali og jafnaldra þeirra.



Agi

Svipað hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla og foreldra almennt á landinu telja aga í skólanum hæfilegan.



Miðað við niðurstöður úr svörum nemenda í Skólapúlsinum er agi í tímum svipaður í Sunnulækjarskóla og í öðrum skólum að meðaltali.



Í Skólapúlsinum er einnig mæld virk þátttaka nemenda í tímum en þá er spurt um hvort nemendur fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, tækifæri til að koma skoðunum sínum

um ákveðin viðfangsefni á framfæri, hvort haldnar séu kappræður eða skipulagðar umræður og hvort þeir ræði saman um námsefnið.

Öll þrjú skólaárin mælist virk þátttaka nemenda í Sunnulækjarskóla í tímum vera svipuð og hjá samanburðarhópnum.



<u>Heimanám</u>

Hlutfall foreldra sem verja meira en 15 mínútum á dag í að <u>aðstoða barnið við heimanám</u> er minni í skólanum en á landinu.



Hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla sem finnst heimavinna barnsins hæfileg er svipað og hlutfall foreldra almennt á landinu.



Í Skólapúlsinum er spurt um mikilvægi heimavinnu og nemendur spurðir hvort þeir klári heimavinnuna á réttum tíma, hvort kennararnir fari yfir heimvinnuna, hvort þeir fái heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð og hvort heimavinna sé hluti af lokaeinkunn. Svör nemenda gefa vísbendingu um að mikilvægi heimavinnu er ekki eins mikið í skólanum og almennt á landinu þó niðurstaðan sé ekki afgerandi.



Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna skólaárið 2013 – 2014 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra hvað varðar þá þætti sem snerta skóla- og bekkjaranda. 6. bekkur skólans kemur betur út en jafnaldrar þeirra á landinu í fjórum þáttum af fimm og 9. bekkur í tveimur þáttum af fimm. 8. og 9. bekkur koma ver út í einum þætti af fimm og 10. bekkur í þremur þáttum af fimm miðað við jafnaldra þeirra. Aftur á móti sker 7. bekkur sig ekki úr að neinu leyti miðað við aðra 7. bekki á landinu að meðaltali.

(Grænn litur táknar betri útkomu / jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar lakari útkomu / neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	6. b (f. 2002)	7. b. (f. 2001)	8. b. (f. 2000)	9. b. (f. 1999)	10. b. (f. 1998)
Samsömun við nemendahópinn	+ 0,5	+ 0,2	+ 0,2	- 0,8	0
Samband nemenda við kennara	+ 0,6	- 0,2	+ 0,1	+ 0,6	- 0,1
Agi í tímum	0	- 0,3	- 0,1	+ 0,5	- 0,7
Virk þátttaka nemenda í tímum	+ 1,0	- 0,3	- 0,3	- 0,3	- 0,7
Mikilvægi heimavinnu í náminu	+ 1,0	- 0,2	- 0,6	- 0,2	- 0,9

Skóla- og bekkjarandi – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2012 – 2013 eru skoðuð sést að samsömun við nemendahópinn er minni hjá stelpum en strákum í skólanum og einnig ef miðað er við stelpur almennt á landinu. Þá eru stelpur í betra sambandi við kennara í skólanum en strákar, þær telja aga minni í skólanum en strákar og einnig ef miðað er við stelpur á landinu öllu. Þá telja stelpur mikilvægi heimavinnu í náminu meira en strákar í skólanum.

(Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla			Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar		Stelpur	Strákar
Samsömun við nemendahópinn	- 1,3	+ 1,3		- 0,6	+ 0,2
Samband nemenda við kennara	+ 0,5	- 0,5		0	- 0,3
Agi í tímum	- 0,8	+ 0,8		- 0,5	+ 0,1
Virk þátttaka nemenda í tímum	+ 0,4	- 0,4		- 0,1	- 0,4
Mikilvægi heima-vinnu í náminu	+ 0,6	- 0,6		- 0,1	- 0,3

Líðan nemenda – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Líðan nemenda í skólanum	
• Umfang eineltis að mati foreldra • Úrvinnsla skólans í eineltismálum að mati foreldra • Minna einelti í frímínútum á skólalóð, í hádegisstund og á leið til og frá skóla að mati foreldra • Einelti mjög lítið í kennslustundum í 6. – 10. bekk að mati nemenda • Lítið einelti í 7. bekk • Minna einelti meðal stráka í skólanum en á landinu • Nemendum í 6. bekk líður almennt betur í skólanum en nemendum annarra árganga (7. – 10. bekkur) • Líðan nemenda í 6. – 10. bekk batnar frá fyrra ári að eigin áliti	• Líðan nemenda að mati foreldra • Sjálfsálit nemenda • Trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi • Vellíðan nemenda að eigin áliti • Hraði á úrvinnslu eineltismála að mati foreldra • Eineltisáætlun skólans að mati foreldra • Tíðni eineltis að mati nemenda • Tíðni eineltis í frímínútum innan dyra, í kennslustundum og á netinu að mati foreldra	• Tíðni eineltis í íþróttatímum og í búningsklefum að mati foreldra • Meira einelti meðal stelpna en stráka í skólanum að mati nemenda • Stelpum líður verr í skóla en strákum, bæði í Sunnulækjarskóla og á landinu (sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan og einelti)
	Heilsa nemenda	
• Hreyfing nemenda í 9. Bekk miðað við landið	• Hreyfing nemenda almennt • Mataræði nemenda	• Hreyfing nemenda í 6. bekk miðað við landið • Hreyfing nemenda í 10. bekk miðað við landið
	Skóla- og bekkjarandi	
• Samskipti starfsfólks við nemendur að mati foreldra* • Samsömun við nemendahópinn í 6. bekk • Samband nemenda við kennara í 6. bekk • Samband nemenda við kennara í 9. bekk • Agi í tímum í 9. bekk • Virk þátttaka nemenda í tímum í 6. bekk • Mikilvægi heimavinnu í náminu í 6. bekk	• Samsömun við nemendahópinn • Samband nemenda við kennara • Agi í skólanum hæfilegur að mati foreldra • Agi í tímum að mati nemenda • Virk þátttaka nemenda í tímum • Hæfileg heimavinna að mati foreldra • Mikilvægi heimavinnu að mati nemenda	• Samsömun við nemendahópinn í 9. bekk • Samsömun stelpna í skólanum við nemendahópinn er minni en stráka • Samsömun stelpna í skólanum við nemendahópinn er minni en hjá stelpum almennt á landinu • Agi í tímum í 10. bekk • Stelpur í skólanum telja aga í tímum minni en strákar • Stelpur í skólanum telja aga minni í tímum en stelpur á landinu

		• Virk þátttaka í tímum í 10. bekk • Tími sem foreldrar verja við aðstoð við heimanám • Mikilvægi heimavinnu í náminu í 8. bekk • Mikilvægi heimavinnu í náminu í 10. bekk • Strákar telja mikilvægi heimavinnu í náminu minna en stelpur í skólanum

* Marktækur munur

4.4. Starfsánægja starfsmanna

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna – Skólapúlsinn, vorin 2013 og 2014.
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2014 – 2015.

Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiþjónustu

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013 og 2014 kemur fram að ánægja starfsmanna með upplýsingastreymi innan skólans er svipuð og ánægja starfsmanna í öðrum skólum að meðaltali.



Í forgangsröðun starfsmanna að verkefnum skólaársins 2014 – 2015 leggja starfsmenn nokkra áherslu á að bæta þurfi upplýsingaflæði, einkum til stuðningsfulltrúa.

Aðgangur kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar, aðgangur að ráðgjöf sérfræðinga vegna nemenda með náms- og/eða hegðunarerfiðleika og faglegur stuðningur skólastjóra í samskiptum við kennara er svipaður og almennt gerist á landinu.



Ábyrgð og áskoranir í starfi

Samkvæmt Skólapúlsinum er lýðræðisleg dreifing valds eða þátttaka starfsfólks í umræðum og ákvörðunum marktækt meiri en almennt gerist. Það sama er að segja um virka samvinnu um skólaþróun og umbætur en þar liggja að baki svör starfsmanna um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun, lausnir á mismunandi þörfum nemenda, úrbætur á náminu og tækifæri til að miðla af reynslu.



Samvinna og teymisvinna

Í könnun Skólapúlsins er spurt hvar kennarar undirbúi kennsluna. Um 77% kennara skólans undirbúa kennsluna eingöngu eða aðallega í skólanum en 64% kennara í öðrum skólum og er það marktækur munur.



Þá eru kennarar spurðir um ýmislegt sem varðar samráð um kennsluna eins og samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Samkvæmt niðurstöðum úr þessum spurningum hafa kennarar skólans marktækt meiri samráð um kennsluna en kennarar annarra skóla að meðaltali.



Að síðustu eru kennarar spurðir um þætti sem snerta samvinnu um kennslu eins og tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Í þeim þáttum koma kennarar skólans svipað út og kennarar á landinu öllu.



Í svörum við opinni spurningu í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2014 kemur fram að starfsmenn eru ánægðir með samvinnu sín á milli og teymisvinnuna.

Starfsaðstæður

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins 2014 er spurt um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi. Niðurstöður þeirra spurninga sýna að starfsmenn skólans eru óánægðari með þessa þætti en starfsmann í öðrum skólum að meðaltali og er munurinn marktækur.



Þá eru kennarar spurðir um vinnuaðstæður sínar og aðgengi að búnaði og kennsluefni. Kennarar í Sunnulækjarskóla eru óánægðari með vinnuaðstæður sínar en kennarar í öðrum skólum að meðaltali og er munurinn marktækur.



Í svörum við opinni spurningu í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2014 kemur fram að sá þáttur sem starfsmenn eru óánægðastir með einkum skortur á tölvum og tæknibúnaði.

Í vinnu starfsmanna að forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2014 – 2015 kemur fram að brýnustu verkefni næsta skólaárs að mati þeirra eru annars vegar að bæta tölvu- og tækjakost skólans og hins vegar að bæta vinnuaðstöðu kennara.

Þá sýnir forgangsröðun starfsmanna einnig að þeim finnst bekkir og hópar í einhverjum tilvikum of fjölmennir og leggja áherslu á að það skuli varast.

Í vinnu við forgangsröðun verkefna leggja starfsmenn einnig áherslu á að betra aðgengi þurfi að vera að kennslugögnum, stórum sem smáum og birgðageymslur séu á hverju gólfi, útbúa þurfi gagnabanka, halda vel utan um skráningu hans og fá einhvern aðila til að hafa umsjón með gagnabankanum.

Starfsþróun

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins eru kennarar beðnir um að meta færni sína, árangur í starfi og samskipti sín við aðra kennara. Trú kennara skólans á eigin getu er samkvæmt niðurstöðum þessara spurninga heldur meiri en trú kennara annars staðar á landinu.



Þá eru kennarar spurðir hvort þeir fái mat og endurgjöf árlega eða oftar, frá skólastjórnendum, öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum. Umfang mats og endurgjafar er meira í skólanum en almennt gerist og er sá munur marktækur.



Einnig kemur fram að yfirgnæfandi meirihluti kennara skólans finnst mat á störfum þeirra sanngjarnt en marktækt fleiri kennurum í Sunnulækjarskóla en á landinu að meðaltali finnst mat á störfum þeirra og endurgjöf ekki hæfilega mikil. Gagnsemi mats og endurgjafar og nýting þess er svipuð að mati starfsmanna og almennt gerist á landinu.



Í starfsmannakönnuninni eru kennarar spurðir um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ýmsum sviðum, eins og á aðalnámskrá, námsmati, skipulagningu kennslustunda, aðalnámsgrein þeirra, nýjungum í kennslufræði, upplýsinga- og samskiptatækni, nemendum með sérþarfir, hegðunar- og agamálum, fjölmenningarumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarfi. Kennarar skólans töldu þörf sína fyrir símenntun vera nokkuð meiri en kennarar annarra skóla á síðasta skólaári en á þessu skólaári virðist þörf þeirra fyrir aukna símenntun vera svipuð er almennt gerist á landinu.



Hins vegar sýna niðurstöður að kennarar skólans hefðu viljað taka þátt í meiri símenntun undanfarna 18 mánuði en kennarar annars staðar á landinu. Hlutfall kennara í Sunnulækjarskóla sem hefðu viljað meiri símenntun hefur aukist á milli ára og er nú marktækt meiri en á landinu öllu.

Þá kemur fram að meðalfjöldi daga í símenntun er marktækt minni í Sunnulækjarskóla en á landinu að meðaltali eða 6,4 dagar á móti 11,5 dögum.



Í forgangsröðun starfsmanna að verkefnum skólaársins 2014 – 2015 kemur einnig fram vilji til aukinnar endurmenntunar af ýmsu tagi.

Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar

Starfsmannakönnun Skólapúlsins kannar ýmsa þætti sem snerta starfsánægju, m.a. tilgang starfsins, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og hvort starfsmenn hugsi sér að vera áfram í starfinu. Viðhorf starfsmanna skólans eru jákvæðari en viðhorf starfsmanna í öðrum skólum og er munurinn marktækur.



Starfsandinn innan skólans; samvinna, jafnræði, ímynd og mótttaka nýliða er einnig betri en almennt gerist og er munurinn marktækur.



Þegar svör kennara og annarra starfsmanna eru borin saman kemur hins vegar í ljós að viðhorf hópanna eru talsvert mismunandi og breytast á milli ára. Kennarar töldu starfsandann mun betri en annað starfsfólk skólans skólaárið 2012 – 2013 en annað starfsfólk er hins vegar ánægðari með starfsandann en kennarar skólaárið 2013 - 2014.



Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er spurt í opinni spurningu um hvað starfsmönnum þyki gott við skólann. Góður starfsandi er sá þáttur sem starfsmenn nefna oftast sem helsta kost skólans.

Ánægja með kennarastarfið er svipuð meðal kennara skólans og meðal kennara í öðrum skólum samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunarinnar.

Starfsánægja starfsmanna – samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð	
	• Upplýsingastreymi • Aðgangur kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofu • Aðgangur kennara að ráðgjöf sérfræðinga vegna nemenda með náms- og/eða hegðunarerfiðleika • Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	• Bæta upplýsingastreymi einkum til stuðningsfulltrúa
	Ábyrgð og áskoranir í starfi	
• Lýðræðisleg dreifing valds* • Virk samvinna um skólaþróun og umbætur *		

Samvinna og teymisvinna		
• Undirbúningur kennslu í skólanum* • Samráð kennara um kennsluna *(val á kennslu-gögnum, samnýting kennslu-efnis, teymisfundir, mats-aðferðir og námsframvinda nemenda)** • Ánægja kennara með samvinnu og teymisvinnu	• Samvinna kennara um kennsluna *(tenging náms-greina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra)*	
Starfsaðstæður		
		• Starfsaðstæður í skólanum (allir starfsmenn), *(aðstaða, sveigjanleiki og álag í starfi)** • Vinnuaðstæður kennara og aðgengi að búnaði og kennsluefni* • Skortur á tölvum og tæknibúnaði að mati starfsmanna • Bekkir og hópar of fjölmennir að mati starfsmanna • Aðgengi að kennslugögnum • Skipulag á tækjum, tólum og gögnum
Starfsþróun		
• Trú kennara á eigin getu • Umfang mats og endur-gjafar á störfum kennara* • Sanngirni mats og endurgjafar* • Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði*	• Gagnsemi mats og endurgjafar • Nýting á niðurstöðum kennaramats • Símenntunarþörf kennara	• Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum á störfum kennara* • Meðalfjöldi daga í símenntun*
Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar		
• Starfsánægja – allt starfsfólk *(tilgangur starfs, líðan í starfi, frumkvæði, starfsöryggi og framtíð í starfi)** • Starfsandi – allt starfsfólk *(samvinna, jafnræði, ímynd og móttaka nýliða)**	• Ánægja kennara með kennarastarfið	

* Marktækur munur

4.5. Samvinna heimila og skóla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Úttekt menntamálaráðuneytisins vorið 2011
- Viðhorfakannanir meðal foreldra – Skólapúlsinn, vorin 2013 og 2014.
- Styrk- og veikleikagreining starfsmanna Sunnulækjarskóla og forgangsröðun verkefna fyrir skólaárið 2014 – 2015.

Upplýsingagjöf

Samkvæmt starfsmannakönnun Skólapúlsins er upplýsingamiðlun til foreldra eða tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda á svipuðum nótum og almennt gerist.



Þá kemur fram að foreldrar í skólanum eru örlítið ánægðari með gagnsemi heimasíðu skólans en foreldrar á landsvísu en sú ánægja hefur heldur minnkað frá skólaárinu á undan.



Samvinna og samskipti við starfsmenn

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins er frumkvæði kennara skólans að foreldrasamstarfi meira en í öðrum skólum að meðaltali.



Almennt eru foreldrar ánægðir með foreldraviðtölin og mælist ánægja foreldra í Sunnulækjarskóla svipuð og ánægja foreldra annars staðar á landinu.



Í svörum við opinni spurningu í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að sá þáttur sem foreldrar eru ánægðastir með er gott starfsfólk. Þá nefna þátttakendur að góður andi ríki í skólanum og að foreldrar mæti góðu viðmóti frá starfsfólki.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að foreldrastarf sé öflugt og góð samvinna sé milli heimila og skóla.

Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið

Áhrif foreldra á ákvarðanir sem varða nemendur er meiri í Sunnulækjarskóla en almennt gerist.



Í foreldrakönnuninni kemur fram að þeir foreldrar í skólanum sem hafa einu sinni eða oftar tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu, t.d. við að setja markmið um heimanám eða námsárangur eru marktækt færri en í öðrum skólum að meðaltali. Hins vegar virðist foreldrum barna í skólanum þykja þátttaka í gerð námsáætlana jafn mikilvæg og foreldrum þykir almennt.



Mæling á virkni foreldra í námi barna sinna sýnir óverulegan mun á virkni foreldra barna í skólanum og foreldra almennt að meðaltali.



Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið og vilji nemenda til að leita eftir aðstoð foreldra sinna er svipuð og annars staðar á landinu.



Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns eru minni en væntingar foreldra annars staðar á landinu. Um 69% foreldra barna í Sunnulækjarskóla hafa væntingar um að barnið ljúki háskólanámi á móti 74% foreldra á landinu öllu að meðaltali.



Þjónusta við nemendur og foreldra

Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu / frístundaheimili er svipuð og almennt gerist.



Hins vegar er hlutfall foreldra sem nýta sér þjónustuna lægri í Sunnulækjarskóla en annars staðar á landinu að meðaltali. Þó hefur munurinn minnkað á milli skólaára.



Í vinnu starfsmanna að forgangsröðun verkefna kemur fram að þeir telja að húsnæðisaðstaða skólavistar sé ekki góð. Þar þurfi aukið rými.

Notkun á mötuneyti og ánægja foreldra með máltíðirnar eru mun meiri en almennt gerist og er munurinn marktækur milli skóla og lands.



Samvinna heimila og skóla - samantekt

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar - sóknarfæri
	Upplýsingagjöf	
	• Upplýsingamiðlun til foreldra • Heimasíða skólans	
	Samvinna og samskipti við starfsmenn	
• Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi að mati foreldra • Gott starfsfólk að mati foreldra • Góður andi í skólanum að mati foreldra • Foreldrastarf	• Ánægja foreldra með foreldraviðtöl	
	Virkni og áhrif foreldra á skólastarfið	
• Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	• Mikilvægi þátttöku í gerð námsáætlana að mati foreldra • Virkni foreldra í námi barna sinna • Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið • Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	• Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana* • Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns
	Þjónusta	
• Notkun á mötuneyti * • Ánægja með máltíðir í mötuneyti *	• Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu / frístundaheimili	• Hlutfall nemenda í tómstunda/frístundaheimili • Aðstaða/rými skólavistar að mati starfsmanna

* Marktækur munur

Helstu styrk- og veikleikar

* Marktækur munur

Yfirflokkar - jákvætt	Mismunur á skóla og landi í prósentum
Samvinna og teymisvinna	8,3
Skóla- og bekkjarandi	7
Stoðkerfi	6,5
Námsmat	5,5
Ábyrgð og áskoranir í starfi	5,5
Starfsánægja	5,5
Samvinna heimila og skóla	4,5
Samvinna og samskipti við starfsmenn	4,5
Þjónusta við foreldra	4,3

Yfirflokkar - neikvætt	Mismunur á skóla og landi í prósentum
Starfsaðstæður í skólanum	-5
Virkni foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	-3,1
Námsárangur	-3
Heimanám	-3
Virkni og viðhorf nemenda til náms	-1,2

Einstakir þættir - jákvætt	Mismunur á skóla og landi í prósentum
Foreldrar í samstarfi um einsstaklingsáætlun *	31
Einstaklingsmiðuð kennsla *	17
Ánægja með mötuneyti *	16
Undirbúningur kennslu í skólanum *	13
Annað námsmat en hefðbundin próf - kennarar*	11
Umfang mats og endurgjafar til kennara *	10
Notkun á mötuneyti *	10
Samráð um kennslu *	9
Frumkvæði kennara að foreldrastarfi	8
Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu *	8
Starfsandi *	7
Aðstaða nemenda og námsumhverfi - foreldrar *	6
Valddreifing *	6
Samvinna um skólaþróun *	5
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nem. *	4
Starfsánægja *	4
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum *	3
Trú nemenda á eigin námsgetu	2

Einstakir þættir - neikvætt	Mismunur á skóla og landi í prósentum
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlana *	-18
Öllum bekknum kennt í einu *	-16
Hæfilegt mat og endurgjöf *	-14
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun *	-11

Tími sem foreldrar aðstoða við nám	-9
Hlutfall foreldra sem nýta sér frístundaþjónustu	-7
Ánægja af náttúrufræði	-5
Starfsaðstæður í skólanum *	-5
Vinnuaðstæður kennara *	-5
Væntingar foreldra um menntunarstig barns	-5
Upplýsingamiðlun til foreldra	-3
Heimasíða skólans	-3

5. Umræða

Í sjálfsmati Sunnulækjarskóla var lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólastarfið. Hér verður reynt að svara þessum spurningum út frá þeim gögnum sem liggja fyrir og koma fram hér að framan.

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Skólinn hefur skýra stefnu og stjórnendur hans hafa sterka faglega sýn. Skólanámskrá er skýr og sjálfsmatsskýrslur liggja fyrir. Almenn ánægja er með stjórnun og stjórnendur skólans bæði meðal foreldra og starfsmanna. Kennarar eru yngri að meðaltali og hafa lægri starfsaldur sé miðað við landið í heild en menntunarstig þeirra er svipað.

2. Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur?

Í Sunnulækjarskóla er tiltölulega lítið um hefðbundna kennslu þar sem öllum bekknum er kennt það sama á sama tíma. Einstaklingsmiðuð kennsla er áberandi einkenni á skólanum. Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum er mjög jákvætt. Þeir telja að skólinn mæti þörfum nemendanna og að námsefnið sé hæfilega þungt.

Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu í skólanum er svipað og almennt gerist og það sama er að segja um hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun. Hins vegar er hlutfall foreldra í samstarfi um gerð einstaklingsáætlunar marktækt hærri en á landinu að meðaltali. Starfsmenn leggja áherslu á að fjölga þurfi menntuðum sérkennurum við skólann og búa sérkennslunni betri aðstæður. Þá þurfi að vinna betur með styrkleika nemenda og auka verklega kennslu sérkennslunemenda. Óskir um sálfræðiaðstoð fyrir nemendur eru álíka margar og almennt gerist og eru þeir foreldrar sem hafa nýtt sér sálfræðiaðstoð fyrir barn sitt mjög ánægðir með þjónustuna.

Hlutfall kennara sem nota hefðbundið námsmat er svipað og almennt gerist en hins vegar er meira um að notaðar séu aðrar námsmatsaðferðir en hefðbundin próf. Foreldrar eru ánægðir námsmatið í skólanum.

Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu hafa batnað nokkuð á milli ára, m.a., þrautseigja í námi, trú nemenda á eigin námsgetu og ekki síst áhugi á stærðfræði. Allir þættirnir sem falla undir þennan flokk koma svipað út í skólanum og á landinu öllu að meðaltali nema ánægja af náttúrufræði sem er minni en almennt gerist á landinu, einkum í 6. og 7. bekk. Nokkur kynjamunur kemur fram varðandi virkni og viðhorf til náms en stúlkur virðast almennt vera virkari og hafa jákvæðara viðhorf til náms og kennslu en drengir á landinu og sama mynstur kemur fram hjá kynjunum í skólanum. Þá kemur einnig fram að virkni og viðhorf til náms er ólíkt milli árganga skólans.

Foreldrar eru mjög ánægðir með aðstöðu og námsumhverfi nemenda almennt. Gagnrýni kemur hins vegar fram hjá starfsmönnum á aðstöðu og námsumhverfi nemenda en þeir telja að tölvukostur og tæknibúnaður sé lélegur, bekkir og námshópar séu oft of stórir, laga þurfi aðstöðu á leikvelli að þörfum fatlaðra nemenda, skipuleggja matartíma nemenda betur og bæta þjónustu á bókasafni.

Námsárangur í samræmdum prófum hefur verið heldur slakur á undanförnum árum en hefur farið batnandi. Haustið 2012 var árangurinn í 4. bekk, bæði í stærðfræði og íslensku, betri en á Suðurlandi og á landinu í heild en á síðasta skólaári var árangurinn í 4. bekk hins vegar lakari en á Suðurlandi og á landinu í heild í báðum fögum. Útkoman í stærðfræði í 7. bekk var lakari en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild eins og undanfarin tvö ár en árangurinn í íslensku í

7. bekk var góður, nánast jafn bæði Suðurlandsmeðaltalinu og landsmeðaltalinu. Í 10. bekk var árangurinn í stærðfræði jafn landsmeðaltalinu og mun betri en árin á undan. Árangurinn í íslensku í 10. bekk hefur verið góður á undanförnum árum og var nú betri en bæði á Suðurlandi og á landinu að meðaltali. Í ensku var útkoman í 10. bekk heldur lakari en en á Suðurlandi og á landinu að meðaltali.

Í PISA-könnuninni árið 2012 var lesskilningur og læsi í náttúrufræði nemenda í Sunnulækjarskóla jafn landsmeðaltalinu en stærðfræðilæsi lakara en á landinu að meðaltali. Árangur stúlkna í Árborg var mun betri á öllum þremur sviðunum en drengja.

3. Líður nemendum vel í skólanum?

Nemendum líður vel í skólanum að mati foreldra. Að mati nemendanna sjálfra hefur líðan þeirra batnað verulega á milli ára. Sjálfsálit þeirra hefur aukist ásamt trú þeirra á að þeir hafi stjórn á eigin lífi. Þessir tveir þættir ásamt vellíðan mælast nú mjög svipuð í skólanum og almennt gerist á landinu. Samkvæmt mælingum Skólapúlsins líður strákum að jafnaði betur í skóla en stelpum og það sama á við í Sunnulækjarskóla.

Tíðni og umfang eineltis er minna í skólanum og á landinu í heild að mati foreldra en svipað og á landinu í heild að mati nemenda. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans og hraða á úrvinnslu eineltismála svipuð og almennt gerist á landinu. Hins vegar eru foreldrar ánægðari með úrvinnslu slíkra mála en foreldrar eru almennt. Í samanburði við landið er minna um einelti í frímínútum á skólalóð, í hádegisstund, í kennslustundum og á leið til og frá skóla en í öðrum skólum að meðaltali, svipað í frímínútum innan dyra og á netinu og meira í íþróttatímum og í búningsklefum en almennt gerist. Meira er um einelti meðal stúlkna en drengja í skólanum að mati nemenda. Tíðni eineltis er svipað meðal stúlkna í skólanum og á landinu í heild en minna meðal stráka í skólanum en almennt gerist.

Heilsa nemenda, þ.e. hreyfing og mataræði er svipuð og hjá nemendum almennt á landinu.

Skóla- og bekkjarandi er yfirleitt góður. Samskipti starfsfólks við nemendur eru mjög góð að mati foreldra. Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi og virk þátttaka nemenda í tímum mælast svipuð og gerist annars staðar á landinu. Foreldrar telja almennt að heimavinna nemenda sé hæfilega mikil en í samanburði við landið í heild verja foreldrar barna í skólanum minni tíma við aðstoð við heimanámið en almennt gerist. Nokkur munur kemur fram á skóla- og bekkjaranda milli árganga og einnig á milli kynja.

4. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?

Aðgengi að upplýsingum og sérfræðiaðstoð er gott í skólanum, bæði upplýsingastreymi, faglegur stuðningur skólastjóra við kennara, aðgangur kennara bæði að aðstoðarfólki og sérfræðingum vegna nemenda með náms- eða hegðunarerfiðleika. Starfsfólk bendir þó á að bæta þurfi upplýsingastreymi, einkum til stuðningsfulltrúa.

Lýðræðisleg dreifing valds við ákvarðanatöku er mikil og einnig virk samvinna um skólaþróun og umbætur og er marktækur munur á báðum þessum þáttum milli skóla og lands.

Samvinna og teymisvinna er sterkur þáttur í skólastarfinu. Kennarar undirbúa kennslu yfirleitt á vinnustaðnum og hafa mikið samráð um kennsluna. Þeir eru almennt mjög ánægðir með teymis- og samvinnuna í skólanum.

Starfsmenn skólans eru ekki ánægðir með allt sem tengist starfsaðstæðum á vinnustaðnum og gagnrýna sérstaklega skort á tölvum og tækjum. Þá gagnrýna þeir vinnuaðstæður kennara,

aðgengi að búnaði og kennsluefni, stærð bekkja og hópa og skipulag á tækjum, tólum og gögnum.

Kennarar skólans hafa meiri trú á eigin getu í starfi og kennarar almennt. Umfang mats og endurgjafar á störf þeirra er einnig meiri en almennt gerist og þeir eru ánægðir með sanngirni matsins og nýta niðurstöður þess vel. Þeir óska hins vegar eftir enn þá meira mati og endurgjöf á störf sín frá stjórnendum.

Símenntunarþörf kennara er að þeirra mati svipuð og annars staðar. Hins vegar er meðalfjöldi daga sem þeir verja í símenntun minni en almennt gerist og þeir vilja auka hana.

Ánægja kennara með kennarastarfið er svipuð og á landsvísu en starfsandinn er áberandi góður í Sunnulækjarskóla. Athygli vekur að þó nokkur munur er á ánægju með starfsandann eftir starfstéttum en almennir starfsmenn voru ekki eins ánægðir og kennarar en á síðasta starfsári en nú hafa viðhorfin snúist við og almennir starfsmenn virðast ánægðari með starfsandann í skólanum en kennarar.

5. Er samstarf heimila og skóla gott og uppbyggjandi fyrir skólasamfélagið?

Upplýsingamiðlun til foreldra er góð og þeir eru nokkuð ánægðir með heimasíðu skólans þó ánægjan með hana hafi minnkað frá fyrri árum.

Foreldrar eru ánægðir með samvinnu og samskipti við starfsmenn, telja að skólinn hafi á að skipa góðu starfsfólki og upplifa góðan anda í skólanum. Frumkvæði að foreldrasamstarfi er meira í Sunnulækjarskóla af hálfu kennara en almennt gerist og foreldrar eru ánægðir með foreldraviðtölin.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur er mikil í skólanum og meiri en almennt gerist. Viðhorf foreldra til mikilvægis þátttöku þeirra í gerð námsáætlana, virkni þeirra í námi barnanna, trú þeirra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra sinna í náminu er svipuð og á landinu öllu. Hins vegar er þátttaka foreldra í gerð námsáætlana og væntingar þeirra um menntunarstig barna sinna minni en almennt gerist á landinu.

Fjöldi foreldra sem kaupa mat í mötuneyti skólans og ánægja þeirra með máltíðirnar er marktækt meiri í skólanum en annars staðar á landinu að meðaltali. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu eða frístundaheimili er svipuð og almennt gerist en hlutfall barna sem nota þjónustuna er minna en annars staðar. Aðstaða eða húsrými skólavistar er ekki nægilega góð að mati starfsmanna.

6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið nokkuð ítarlega í niðurstöður allra kannana sem gerðar voru meðal nemenda, foreldra og starfsmanna á skólaárinu ásamt samanburði við niðurstöður fyrri ára.

Samkvæmt niðurstöðum sjálfsmats Sunnulækjarskóla má í örstuttu máli segja að sterkustu stoðir Sunnulækjarskóla séu samráð og teymisvinna kennara, einstaklingsmiðuð kennsla, samstarf við foreldra um einstaklingsáætlanir nemenda, fjölbreytt námsmat, undirbúningur kennslu í skólanum, gott mötuneyti, valddreifing til starfsfólks, samvinna um skólaþróun og umbætur, umfang mats og endurgjafar til kennara, starfsánægja og góður starfsandi.

Augljósar framfarir hafa orðið á ýmsum sviðum milli ára:

- Betri líðan nemenda mælist nú annað árið í röð en sjálfsálit þeirra og tilfinningin fyrir að hafa stjórn á eigin árangri hefur aukist og tíðni eineltis minnkað.
- Áhugi nemenda á stærðfræði hefur aukist og árangur 10. bekkjar í stærðfræði á samræmdum prófum hefur batnað til muna og er nú jafn landsmeðaltali.
- Trú nemenda á eigin námsgetu og virk þátttaka þeirra í tímum hefur aukist.
- Umfang mats og endurgjafar til starfsfólks hefur aukist.
- Frumkvæði kennara að foreldrastarfi er meira en áður.
- Væntingar foreldra um menntunarstig barna þeirra hefur aukist.
- Hlutfall foreldra sem nýta sér frístunda/tómstundaþjónustu hefur hækkað.

Í sjálfsmatsskýrslunni sem gerð var vorið 2013 var lögð áhersla á fimm þætti sem þyrfti að bæta í Sunnlækjarskóla. Hér eru þeir rifjaðir upp og mat lagt á hvernig til hefur tekist.

Í fyrsta lagi þarf að huga að ýmsum þáttum sem snerta nám og kennslu, eins og að efla tækjakost skólans, vinna að fjölbreyttara námsmati og fjölbreyttari kennsluháttum á unglingastigi.

- *Tækjakostur skólans er enn sá þáttur sem starfsmenn leggja mesta áherslu á að þurfi að bæta. Námsmat er nú fjölbreytt samkvæmt mælingum og kennsluhættir einnig.*

Í öðru lagi þarf að bæta námsárangur nemenda, einkum í stærðfræði og ensku.

- *Samkvæmt niðurstöðum samræmdra prófa var námsárangur ekki góður í 4. bekk á síðasta ári, hvorki í stærðfræði né íslensku og ekki heldur í stærðfræði í 7. bekk. Námsárangur í 10. bekk var hins vegar góður eða jafn landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði en lítið eitt slakari í ensku.*

Í þriðja lagi þarf að leita leiða til að auka virkni og áhuga foreldra á námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barnanna í framtíðinni.

- *Allir foreldrar sérkennslubarna sem hafa einstaklingsáætlanir eru í samstarfi um gerð þeirra en hins vegar er þátttaka foreldra í gerð námsáætlana lítil og mun minni en almennt gerist. Væntingar foreldra um menntunarstig barna þeirra hefur heldur aukist en eru þó minni en á landinu að meðaltali. Þá verja foreldrar barna í Sunnulækjarskóla minni tíma við að aðstoða börn sín við heimanám en almennt gerist.*

Í fjórða lagi þarf að huga að líðan stúlkna í skólanum og bæta líðan nemenda í frímínútum innandyra meðal annars til að koma í veg fyrir einelti.

- *Líðan stúlkna virðist almennt vera lakari í skóla en drengja og því er eins farið í Sunnulækjarskóla. Áður virtist stúlkum í skólanum líða mun verr en stúlkum almennt á*

landinu en sá samanburður er ekki lengur eins óhagstæður og hann var þó hann sé örlítill enn þá. Tíðni eineltis hefur minnkað milli ára og er minna en almennt gerist og það sama er að segja um líðan nemenda í frímínútum.

Í fimmta lagi þarf að leita leiða til að stuðla að betri starfsanda hjá almennum starfsmönnum skólans.

- *Starfsandi almennra starfsmanna hefur batnað til muna á milli ára og mælist nú meiri en hjá kennurum.*

Samkvæmt niðurstöðum þessarar skýrslu eru nokkrir þættir skólastarfsins sem þarf að bæta til að Sunnulækjarskóli verði enn betri skóli í framtíðinni en hann er nú:

- Í fyrsta lagi þarf að huga að starfsaðstæðum starfsfólks, sérstaklega þarf að bæta tölvu- og tækjakost skólans og vinnuaðstöðu kennara. Þetta hefur verið áhersluatriði hjá starfsmönnum undanfarin ár og óánægja með þennan þátt skólastarfsins fer vaxandi. Þá nefna kennarar að betra aðgengi þurfi að vera að kennslugögnum, birgðageymslur verði á hverju gólfi, útbúa þurfi gagnabanka, halda vel utan um skráningu hans og fá einhvern aðila til að hafa umsjón með gagnabankanum. Einnig þurfi að varast að hafa bekki og hópa of fjölmenna.

- Í öðru lagi þarf að bæta námsárangur nemenda í yngri deildum og sérstaklega í stærðfræði. Þá þarf að bregðast við minnkandi áhuga nemenda á náttúrufræði, einkum á miðstigi.

- Í þriðja lagi þarf að huga betur að sérkennslunni, auka stöður menntaðra sérkennara, bæta aðstöðu fyrir sérkennsluna og vinna betur með styrkleika nemenda og efla verklegt nám sérkennslunemenda. Þá þarf að huga að aðstöðu fatlaðra nemenda á skólavelli.

- Í fjórða lagi þarf að auka símenntun starfsmanna en þeir verja minni tíma til símenntunar en almennt gerist á landinu og lýsa vilja til að auka hana.

- Í fimmta lagi þarf að leita leiða til að auka virkni og áhuga foreldra á námi barna sinna og væntingar þeirra um menntunarstig barnanna í framtíðinni.

- Í sjötta lagi þarf að huga að betri upplýsingamiðlun til foreldra og að bæta heimasíðu skólans en ánægja með heimasíðuna fer dvínandi á milli ára.

Sunnulækjarskóli er ungur skóli sem hefur stækkað mjög hratt á stuttum tíma. Ótal ný verkefni hafa beðið úrlausnar á hverju ári og má því segja að skólinn hafi verið eitt stórt þróunarverkefni. Óhætt er að fullyrða að flestir byrjunarerfiðleikar séu nú að baki og hefur starfið í Sunnulækjarskóla gengið mjög vel á skólaárinu 2013 – 2014.